

KIRKJUGARÐARÁÐ

154 fundur haldinn mánudaginn 13. desember 2018

Í húsnæði KGRP í Gufuneskirkjugarði.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Agnes Stefánsdóttir frá Minjastofnun Íslands. Óttar Sæmundsen frá Hugsmiðjunni, Arnfinnur Einarsson hjá KGRP og Einar Sæmundsen landslagsarkitekt..

Fundur var settur kl. 14:00

- 1. Fundur settur og fundargerðir síðasta fundar lögð fram.**
Fundargerðir samþykkt með smá breytingum.
- 2. Hinn forni Víkurkirkjugarður – staða mála.**
Kristín Huld og Agnes Stefánsdóttir fóru yfir sögu garðsins og lögðu m.a. fram greinargerð Kristjáns Eldjárns Þjóðaminjavarðar um garðinn frá árinu 1965. Einnig fóru þær yfir gögn í tengslum við friðlýsingartillögu sem Minjastofnun hefur sent inn til ráðherra.
- 3. Kynning á skráningarkerfinu á gardur.is.**
Óttar Sæmundsen fór yfir nýja gagnagrunninn sem Hugsmiðjan hefur unnið að og kynntur var á fundi ráðsins þann 11. desember 2017. Nú er búið að taka nýja gagnagrunninn í notkun. Farið var yfir verkferla varðandi skráningarmál, spurningar og ábendingar frá fundarmönnum í tengslum skráningu á upplýsinga í gagnagrunninn..
- 4. Fyrirspurn frá Alþingi varðandi bálfarir, öskudreifingu og landrými undir kirkjugarða og grafreiti.**
Lagt var fram svar Kirkjugarðaráðs, en þeir Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn höfðu tekið að sér að svara fyrirspurninni fyrir hönd ráðsins, í samvinnu við Jóhannes Finn Halldórsson.
- 5. Fjarlagafrumvarpið fyrir árið 2019 - Kirkjugarðar.**
Þórsteinn Ragnarsson kynnti.
- 6. Garðsaga Íslands – Kirkjugarðar og grafreitir.**

Einar E Sæmundsen, landslagsarkitekt og höfundur bókarinnar kynnti innhald hennar og þá aðallega þann hluta þar sem fjallað er um kirkjugarða og grafreiti..

7. **Önnur mál.**

Engin.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 16:35.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari